Mánudaginn 13. júní 1994.

Nr. 253/1994. **Ferðaskrifstofan Atlantik hf.**
(Hjalti Steinþórsson hrl.)
gegn
Sun Services Ltd.
(Othar Örn Petersen hrl.)

Kærumál. Kæruheimild. Frávísun frá Hæstarétti. Þýðing skjala. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Skúli J. Pálmason héraðsdómari kvað upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 23. maí sl., sem barst réttinum 31. sama mánaðar. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið „og að lagt verði fyrir kærða að leggja fram íslenska þýðingu allra skjala, sem lögð hafa verið fram í málinu og eru á ensku". Þá telur sóknaraðili, að héraðsdómari hafi „ekki gætt meginreglna um jafnræði aðila og þannig gert á sinn hluta". Gerir hann kröfu til þess, að dómaranum verði veitt áminning. Loks krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar. Sóknaraðili rökstyður heimild til kæru málsins með vísan til d-, e- og f-liðar 1. mgr. og 3. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Varnaraðili gerir kröfu til þess aðallega, að kærunni verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað. Jafnframt krefst hann kærumálskostnaðar.

Fyrri hluta árs 1991 undirritaði sóknaraðili samning við fyrirtækið Edrichton Holidays Group of Companies á Möltu um leigu íbúða fyrirtækisins þar í landi fyrir farþega varnaraðila. Varnaraðili, sem er í eigu framangreinds fyrirtækis, höfðaði mál 4. desember sl. á hendur sóknaraðila til greiðslu reikninga vegna ógreiddrar þjónustu samkvæmt samningnum. Við þingfestingu málsins lagði varnaraðili fram ýmis skjöl, flest á enskri tungu.

Fyrir héraðsdómi hafði lögmaður sóknaraðila uppi þá kröfu, að þessi dómskjöl á ensku yrðu þýdd á íslensku. Varnaraðili féllst á að

láta þýða tvö skjalanna, en mótmælti kröfunni að öðru leyti. Í forsendum úrskurðar héraðsdómara 10. maí sl. hafnaði hann kröfu sóknaraðila, en að þeirri niðurstöðu er ekki vikið í úrskurðarorði. Hins vegar er þar mælt fyrir um þýðingu fyrrgreindra tveggja skjala.

Úrskurður héraðsdómara laut að kröfu sóknaraðila um þýðingu fram lagðra dómskjala varnaraðila á íslensku. Ákvæði 143. gr. laga nr. 91/1991 heimila ekki kæru þessa úrlausnarefnis til Hæstaréttar. Sóknaraðili hefur ekki fært haldbær rök fyrir því, að héraðsdómari hafi gert á sinn hlut.

Samkvæmt framansögðu ber að vísa málinu frá Hæstarétti.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Ferðaskrifstofan Atlantik hf., greiði varnaraðila, Sun Services Ltd., 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar

Réttarfarshagsmunum aðila í einkamáli getur verið þannig farið, að úrskurður dómara um nauðsyn þýðingar á málsskjölum og framlagningu þýðinga eigi að sæta kæru til Hæstaréttar samkvæmt d-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, með sama hætti og úrskurður um framlagningu á skjölunum sjálfum. Tel ég kæruheimild þessa eiga við í því máli, sem hér liggur fyrir. Þar sem aðrir dómendur líta svo á, að kæran sé ekki heimil, er ekki ástæða til þess, að fjallað verði frekar um kæruefnið.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. maí 1994.

Stefndi er ferðaskrifstofa, sem hefur haft það að atvinnu að skipta við erlenda aðila.

Fyrir liggja í málinu gögn sem sýna að bæði stefndi og lögmaður hans hafa gott vald á enskri tungu.

Dómari málsins telur sig hafa nægilega gott vald á enskri tungu til að skilja efni fram lagðra dómskjala og sér því ekki ástæðu til að verða við kröfu lögmanns stefnda um þýðingu fram lagðra dómskjala.

Úrskurðarorð:

Dómskjal nr. 3 skal þýtt á íslensku svo og sýnishorn fylgiskjala á dskj. nr. 5.
